

**139. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
30. desember 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1906112 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.

Tekin fyrir athugasemd við deiliskipulagið.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða greinargerð sviðsstjóra dags. 27. desember 2019 sem svar við framkominni athugasemd þar sem því er mótmælt að fella eigi úr gildi deiliskipulag fyrir síðari hluta 2. áfanga Skógarhverfis.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á skipulagsmörkum verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að breyting á aðalskipulagi sama svæðis hefur verið staðfest.

2. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Skipulagshöfundur lagði fram drög að greinargerð og tímaáætlun fyrir verkefnið.

3. 1904108 - Vogar/Flæðilækur - Vogar 17, sameina lóðir.

Óskað hefur verið eftir að sameina lóðirnar Vogar 17 og Vogar/ Flæðilækur.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að lóð við Voga 17 og lóð við Voga/Flæðilæk verði sameinaðar skv. meðfylgjandi gögnum.

4. 1912054 - Jaðarsbraut 25 - fyrirspurn um bílastæði

Fyrirspurn Jóns Pálma Pálssonar fh. Jaðarsbrautar 25, um heimild til að nýta grasbala við hlið lóðar undir hjólhýsi og vagna.

Skipulags- og umhverfisráð tekur neikvætt í erindið. Bent skal á að fyrir liggur endurgerð Faxabrautar frá Sementsbryggju að Faxatorgi árið 2020.

5. 1912304 - Gatnaviðhald 2020

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi hugmyndir um gatnaviðhald á Suðurgötu, Garðagrund og Krókatúni. Stefnt skal að útboði í byrjun árs 2020.

6. 1912305 - Úthlutun lóða við Akralund

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að hefja ferli við að úthluta par- og raðhúsalóðum við Akralund 8-14, 16-18 og 20-26.

Bent skal á að Akraneskaupstaður hefur haldið eftir fjölbýlishúsalóðum við Asparskóga 11 og 17 til þess að mæta húsnæðisþörf fyrir fatlaða einstaklinga.

7. 1912306 - Fráveita - viðauki

Drög að viðauka við samning er gerður var 2005 um sameiningu fráveitu Akraness og Orkuveitu Reykjavíkur lagður fram.

Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

RS


8. 1912034 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2020

Skipulags- og umhverfisráð lýsir yfir ánægju sinni með framkomna starfsáætlun. Ljóst er að hluti verkefna skarast milli nefnda og ráða og því er mikilvægt að þau séu skilgreind nánar með tilliti ábyrgðar og hlutverks.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Ragnar Samundsson

Gerður Jón. Jónasdóttir



Sig. P. A.
Rafelís Sig. rit.